Stærsta haustsýning FÍM á Kjarvalsstöðum


● HAUSTSÝNING Félags íslenzkra myndlistarmanna í ár verður opnuð á laugardag á Kjarvalsstöðum og stendur í hálfan mánuð. Þetta er stærsta haustsýning FÍM, sem haldin hefur verið, og er nú í fyrsta sinn sýnt í báðum sölum Kjarvalsstaða, svo og á göngum. Á blaðamannafundi hjá sýningarnefnd kom m.a. fram, að henni bárust 366 verk, en valin voru 197 verk til sýningar, eftir 60 listamenn, — 39 félagsmenn og 21 utanfélagsmann. Af þeim sýna 11 myndlistarmenn nú í fyrsta skipti á haustsýningu. Á sýningunni eru málverk, höggmyndir, teikningar, grafík, myndvefnaður, og í fyrsta sinn eru nú sýnd verk íslenzkra leikmyndateiknara. Meirihluti verkanna er til sölu.

● Þá hefur sýningarnefnd tekið upp þann hátt á ný að bjóða gesti þátttöku í haustsýningunni. Er það að þessu sinni Louisa Matthíasdóttir, sem lengi hefur verið búsett í Bandaríkjunum og er þar velþekkt. Einar Þorláksson, formaður sýningarnefndar, sagði, að það væri ekki vansalaust hve lengi hefði dregizt að gera verkum Louisu verðug skil hér heima, svo mótuð sem hún væri af uppruna sínum. Á haustsýningunni er 17 myndir eftir Louisu Matthíasdóttur.

Af öðrum listamönnum, sem verk eiga á sýningunni, má nefna Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Sigurjón Ólafsson, Eirík Smith, Hring Jóhannesson, Hörð Ágústsson, Einar Þorlákssson, Jóhann Eyfells, Valtý Pétursson og Ragnheiði Jónsdóttur Ream. Þessir taka í fyrsta sinn þátt í haustsýningu FÍM: Eyjólfur Einarsson, Kristjana Arndal, Ása Ólafsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Bjarni Ragnar Haraldsson, Sigurður Thoroddsen, Björn G. Björnsson, Birgir Engilberts, Jón Þórisson, Lárus Ingólfsson og Sigfús Halldórsson.

Leikmyndasýningin, sem nú er í fyrsta sinn á haustsýningu FÍM, er svo til óbreytt frá þeirri sýningu, sem íslenzkir leikmyndateiknarar voru með á norrænni leikmyndasýningu í Álaborg í maí og júní sl. og eru þar bæði líkön af leikmyndum og ljósmyndir af þeim. Þátttakendur eru Lárus Ingólfsson, Sigfús Halldórsson, Magnús Pálsson, Steinþór Sigurðsson, Gunnar Bjarnason, Björn G. Björnsson, Snorri Sveinn Friðriksson, Jón Þórisson, Birgir Engilberts og Sigurjón Jóhannsson.

Í sýningarnefnd FÍM eiga sæti Einar Þorlákssson, formaður, Guðmundur Benediktsson, Hallsteinn Sigurðsson, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Sigurjón Ólafsson og Svavar Guðnason. Varamenn voru Hrólfur Sigurðsson og Steinþór Sigurðsson. Björgvin Sigurgeir Haraldsson sá um sýningarskrá. Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opin 7.—21. september frá 4—10 virka daga, en 2—10 um helgar. Á mánudögum er hins vegar lokað.



Eitt af verkum gestsins Louisa Matthíasdóttir á haustsýningunni. Hún er fædd í Reykjavík árið 1917, en stundaði nám í Kaupmannahöfn, París og Bandaríkjunum þar sem hún hefur lengst af dvalizt. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum sam- og einkasýningum í Bandaríkjunum, og á þar víða verk á söfnum. Hún sýnir t.d. reglulega í Robert Schoelkopf Gallery á Madison Avenue í New York.



Frá haustsýningunni á Kjarvalsstöðum. (Ljósm. Mbl.: Sv. Þorm).

Sumarauki í sálina

Fjáröflun til lamaðra

Kvennadeild Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra starfar ótrauð að því að styrkja æfingastöð félagsins á Háaleitisbraut 16 og starfsemina í Reykjadal og hefur uppi ýmiskonar fjáröflunarstarfsemi í því skyni. Nú er t.d. aflað fjár til styrkja fyrir sjúkraþjálfara, sem alltaf er skortur á vegna endurhæfingar fatlaðra og eru tveir sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfari í námi með styrk frá kvennadeildinni.


Á sunnudaginn verður efnt til fjáröflunar í þessu skyni með kaffisölu í Sigtúni við Suðurlandsbraut kl. 2 og þá jafnframt miðað við, að þeim, sem koma af kappleik á Laugardalsvelli, gefist kostur á að hlýja sér á kaffisopa.

Jafnframt kaffisölunni verður ýmislegt gert til skemmtunar, hljómsveit Hauks Morthens spilar, tízkusýning verður með sýningarstúlkum frá Pálínu Jónmundsdóttur, Ómar Ragnarsson skemmtir og Magnús Ingimarsson leikur, þjóðdansafélagið dansar og spilað verður bingó. Verðlaun eru ferð með Útsýn til Costa del Sol.

Jóninna Þorfinnsdóttir, formaður kvennadeildarinnar, kvaðst vilja hvetja fólk til að sækja þessa skemmtun og fá sér um leið sumarauka í sálina, bæði með því að styrkja gott málefni og ef heppnin er með, þá síðar á Spáni.



Fatlaðir þurfa endurhæfingu.



Guðmundur Axelsson eigandi Klausturhóla og Sigríður Guðmundsdóttir afgreiðslustúlka við eina af myndunum á sýningunni. Ljósm. Mbl. Sv. Þorm.

Nýr sýningarsalur á fjölfarnasta götuhorni landsins

OPNAÐUR hefur verið nýr sýningarsalur á fjölfarnasta götuhorni landsins, horni Austurstrætis og Lækjargötu. Það er verzlunin Klausturhólar, Lækjargötu 2, sem hefur látið innrétta 50 fermetra sal á annarri hæð hússins. Verður salurinn í framtíðinni leigður fyrir sýningar.

Verzlunin Klausturhólar verzlar með listmuni, mynt og gamlar bækur. Knútur Bruun stofnaði verzlunina, en núverandi eigandi er Guðmundur Axelsson. Hann sýndi blaðamanni Mbl. hinn nýja sal í gær, sem er mjög vistlegur. Nú hanga þar uppi verk eftir ýmsa listmálara, og eru þau öll til sölu. Verða verkin uppi til næstu mánaðamóta, en þá mun franskur listmálari sýna verk sín þarna, Robert Clerc, og seinni hluta október sýnir íslenzkur listamaður, Elí Gunnarsson. Á þessum stað var áður lítill sýningarsalur, en þetta nýja húsnæði er mun stærra og vandaðra.

Þeir, sem ætla í sýningarsalinn, ganga í gegnum verzlunina, sem er á götuhæð. Þar er einnig að finna margt góðra muna. Má nefna Þorláksbiblíu prentaða á Hólum 1644, og kostar hún 350 þúsund krónur. Einnig gat Guðmundur þess, að hann hefði keypt að góðri Guðbrandsbiblíu fyrir 500 þúsund krónur.

Leikrit Agnars sýnt á Norðurlöndunum

Í VETUR munu sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum taka til sýningar leikrit Agnars Þórðarsonar, 65. grein lögreglusamþykktarinnar. Leikritið tók íslenzka sjónvarpið upp á s.l. vetri og hefur það verið sýnt hér.

Ákvörðun um þetta var tekin á sameiginlegum fundi norrænu sjónvarpsstöðvanna um leiklistarmál í síðustu viku, en fund þennan sat Jón Þórarinsson dagskrárstjóri fyrir hönd íslenska sjónvarpsins. Jón tryggði sjónvarpinu mörg mjög góð verk frá hinum Norðurlöndunum, sem væntanlega verða tekin til sýninga í vetur. Má m.a. nefna 3½ klukkustundar leikrit frá norska sjónvarpinu um norska málarinn Edvard Munk, en því stjórnaði hinn þekkti brezki leikstjóri Peter Watkins. Leikritið verður sýnt í tvennu lagi.